



Hreppsnefnd 23.10.03

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 23. okt. 2003 kl. 16 00 í Miklagarði. Mættir: Sigurveig Róbertsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Ólafur Ármannsson, Emil Sigurjónsson, oddviti, Ólafur Valgeirsson, Steindór Sveinsson og Aðalbjörn Björnsson. Auk þess var mættur sveitarstjóri Þorsteinn Steinsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til auglýstrar dagskrár.

1. mál Fundargerðir hreppsnefndar 9. og 20. okt. sl. Fundargerðirnar lagðar fram og síðan samþykktar.

2. mál. Búfjárefntilvit. Ráðning búfjárefntilvitismanns.

Í kjölfar gildistöku laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl og reglugerðar um búfjárefntilvit nr. 743/2002, þarf að ráða sameiginlegan búfjárefntilvitismann til starfa á svæði Vopnafjarðar- og Skeggjastaðahrepps. Nokkur umræða var um málið og síðan lögð fram svofelld tillaga um búfjárefntilvitismann:

“Lagt til að Friðbjörn Haukur Guðmundsson verði ráðinn til starfans. Um ráðninguna hefur verið haft samráð við Skeggjastaðahrepp.”

Tillagan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

3. mál. 5. tl. fundargerðar stýrihóps norðursvæðisverkefnis frá 18. sept. sl., afgreiðsla.

Um fundargerð stýrihóps um norðursvæðisverkefni frá 18. sept. sl. var fjallað á fundi hreppsnefndar 29. sept. sl. Varðandi 5. tl. fundargerðarinnar “ sameiginleg félags- og skólaþjónusta á norðursvæði Austurlands” var sveitarstjóra, skólastjóra Vopnafjarðarskóla og formanni skólanefndar falið að vinna tillögu að afgreiðslu málsins, sem lögð yrði fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu. Þessir aðilar hafa farið yfir málið og orðið sammála um að mæla með því við hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps að unnið verði áfram að samþættingu skóla- og félagsþjónustu í samræmi við fyrirbyggjandi tillögu stýrihóps norðursvæðis frá 18. sept. sl. Við þá vinnu verði sérstaklega tekið mið af því að þjónustan verði sem jöfnust og best á öllu svæðinu.

Nokkur umræða var um málefni skólaskrifstofu en síðan var tillagan samþykkt með 7 atkv.

4. mál. Bréf Sýslumannsins á Seyðisfirði dags. 13. okt. sl., umsögn.

Lagt fram erindi sýslumannsins á Seyðisfirði frá 13. okt. sl., þar sem óskað er umsagnar Vopnafjarðarhrepps um reksur á veitinga- og gististað á Hótel Tanga.

Síðan lögð fram svofelld tillaga að afgreiðslu umsagnar til Sýslumannsins á Seyðisfirði, vegna Hótel Tanga:

“Vopnafjarðarhreppur sér ekkert því til fyrirstöðu að slíkt leyfi verði veitt, enda liggja fyrir umsagnir annarra umsagnaraðila um þetta leyfi.”

Samþykkt með 7 atkvæðum.

5. mál. Vínveitingaleyfi til Hótel Tanga, tillaga að afgreiðslu.

Tekin fyrir ósk um vínveitingaleyfi á Hótel Tanga, frá Vopnafjarðarhrepp.

Síðan lögð fram svofelld tillaga að afgreiðslu vínveitingaleyfis fyrir Hótel Tanga:

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að veita Ingabirni Sigurjónssyni, kt. 300742-5729, fyrir

hönd Hótels Tanga, Hafnarbyggð 17, Vopnafirði, leyfi til áfengisveitinga á Hótelinu.

Leyfið gildir alla daga vikunnar frá kl. 10.00 árdegis til kl. 04 eftir miðnætti.

Leyfishafi hefur tilnefnt stjórnanda, sem annast daglegan rekstur og ber ábyrgð á honum ásamt leyfishafa. Stjórnandi þessi er Linda Elísabet Eymundsdóttir, kt. 031046-6459.

Um leyfi þetta gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 75/1998.

Leyfið gildir í eitt ár frá undirritun þessa skjals eða til 17. október 2004.

Samþykkt með 7 atkv.

6. mál. Skipting byggðakvóta 2003

Lagt fram yfirlit um forsendur og úthlutun byggðakvóta, sem sjávarútvegsráðherra hefur úthlutað í samræmi við reglugerð nr. 596/2003, sem fjallar um úthlutun á 1500 þorskígildistonn til stuðnings sjávarbyggðum. Í hlut Vopnafjarðarhrepps komu 24,9 þorskígildistonn.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps lýsir undrun sinni á úthlutun sjávarútvegsráðuneytisins á byggðakvóta þeim sem ráðuneytið úthlutar á grundvelli reglugerðar 596/2003, en í 1. grein reglugerðarinnar segir að: "Á fiskveiðiarinu 2003/2004 skuli úthluta 1.500 þorskígildislestum til stuðnings sjávarbyggðum sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi." Ekki verður séð að í öllum tilvikum hafi úthlutunin tekið mið af þessu. Ljóst er að kvóta mestu sveitarfélögunum er úthlutað út úr þessum litla potti, en á sama tíma fá lítil sveitarfélög sem nær eingöngu byggja afkomu sína á fiskveiðum lítið sem ekkert úthlutað.

Samþykkt með 7 atkvæðum.

7. mál. Fasteigna og Skipasalan spyrst fyrir um nýtingu forkaupsréttar vegna Ytri-Hlíðar með bréfi dags. 20. okt. sl.

Lagt fram erindi Fasteigna og skipasölnunar, þar sem spurst er fyrir um hvort Vopnafjarðarheppur muni nýta forkaupsrétt á jörðinni Yrti-Hlíð 1, Vopnafirði.

Emil Sigurjónsson vék af fundi á meðan afgreiðsla málsins fór fram og tók Aðalbjörn Björnsson, varaoddviti við fundarstjórn á meðan.

Samþykkt var að hafna forkausrétti með 6 atkv.

Emil kom aftur á fund og tók við fundarstjórn

8. mál. Hugmynd að uppbyggingu vinnustofu fyrir aldraða og öryrkja sbr. bréf frá 21. okt. sl.

Nokkrar umræður urðu um málið og var eftirfarandi málsmeðferð samþykkt með 7 atkvæðum.

Hreppsnefnd telur hugmyndir um uppbyggingu vinnustofu fyrir aldraða-og öryrkja á Vopnafirði áhugaverðar og hvetur til þess að áfram verði unnið að framgangi málsins. Nauðsynlegt er að fyrir liggja hver verður framkvæmdar-og rekstraraðili verkefnisins og varðandi sjálfa bygginguna er nauðsynlegt að uppdrættir verði lagðir fyrir skipulags-og bygginarnefnd sveitarfélagsins.

9. mál. Ýmsar fundargerðir og erindi:

a) Umsókn Vopnafjarðarhrepps til Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarlána 2003.

b) Fundargerð heilbrigðisnefndar Austurlands frá 16. okt. sl.

Aðalfundur heilbrigðiseftirlitsins verður 30. okt. nk. og er sveitarstjóra falið að fara með atkvæði Vopnafjarðarhrepps á fundinum.

c) Fundargerð aðalfundar Skólasrifstofu Austurlands frá 15. okt. sl.

d) Afrit af bréfi Verkmenntaskóla Austurlands frá 9. okt. sl.

e) Bréf Svæðisskrifstofu Austurlands dags. 10. okt. sl. varðandi umsóknir úr Framkvæmdasjóði aldraðra árið 2004

Fleira ekki gert og fundi slitið.